

**Fertugasti og fyrsti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 22. nóvember 2018 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:00.**

Mættir: Hafsteinn Pálsson, Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

## **Fundargerð:**

### **1. Umsóknir um starfsleyfi, markaðsleyfi og tóbaksöluleyfi**

#### **Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna**

- a. Jóhanna B. Hansen f.h. Mosfellsbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Vatnsveitu Mosfellsbæjar sem sinnir neysluvatnsöflun og dreifingu neysluvatns. *Samþykkt til 12 ára með tilvísun í lög um matvæli nr. 93/1995 og reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn með síðari breytingum.*
- b. Jóhanna Magnúsdóttir f.h. Mosfellsbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Lágafellsskóla, grunnskóla með fullbúnu eldhúsi, að Lækjarhlíð 1 í Mosfellsbæ. *Samþykkt til 12 ára með tilvísun í lög um matvæli nr. 93/1995 og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti með síðari breytingum.*
- c. Rósa Ingvarsdóttir f.h. Mosfellsbæjar sækir um nýtt starfsleyfi fyrir Helgafellsskóla, grunnskóla með fullbúnu eldhúsi, að Gerplustræti 14 í Mosfellsbæ. *Samþykkt til 12 ára með tilvísun í lög um matvæli nr. 93/1995 og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti með síðari breytingum.*
- d. Ragnheiður Halldórsdóttir f.h. Mosfellsbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Leikskólann Hlíð, leikskóla með fullbúnu eldhúsi, að Hlaðhömrum í Mosfellsbæ. *Samþykkt til 12 ára með tilvísun í lög um matvæli nr. 93/1995 og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti með síðari breytingum.*
- e. Þórhildur Elvarsdóttir f.h. Mosfellsbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Varmárskóla, eldri deild, grunnskóla með fullbúnu eldhúsi, við Skólabraut í Mosfellsbæ. *Samþykkt til 12 ára með tilvísun í lög um matvæli nr. 93/1995 og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti með síðari breytingum.*
- f. Svanberg Halldórsson f.h. Hagkaups sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir stórmarkað með fjölþætta starfsemi að Eiðistorgi 11 á Seltjarnarnesi. *Samþykkt til 12 ára með tilvísun í lög um matvæli nr. 93/1995.*
- g. Framtíðin ehf. sækir um starfsleyfi fyrir hestaleigu og reiðskóla að Hraðastaðavegi 9, Mosfellsbæ. *Samþykkt til 12 ára með tilvísun í samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir hestaleigu og reiðskóla sem auglýst eru á vef Umhverfisstofnunar.*

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

### 2. Umsagnir um skipulagsmál.

- a. Lagt fram tölvubréf Seltjarnarnesbæjar dagsett 5. nóvember 2018 þar sem kynnt er Aðgerðaráætlun gegn hávaða 2018-2003. Skýrsla unnin af VSÓ. Einnig lagt fram hljóðkort af Seltjarnarnesbæ sem sýnir umferðarhávaða í 4 m. hæð.  
*Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.*
- b. Lagt fram bréf Kjósarhrepps dagsett 10. október 2018 þar sem svarað er athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis við Aðalskipulag Kjósarhrepps dagsett 10. júlí 2018.

### 3. Erindi

Lagt fram bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til Sorpu bs. þar sem tilkynnt er um tímabundna framlengingu á starfsleyfi Sorpu bs. fyrir urðun í Álfsnesi þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. júní 2019.

### 4. Ný og væntanleg löggjöf

- a. Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Reglugerðin var kynnt en hún mun hafa í för með sér breytingu á útgáfu starfsleyfa vegna mengunarvarnaeftirlits þar sem grenndarkynna þarf starfsleyfi í fjórar vikur áður en ákvörðun er tekin um útgáfu.
- b. Matvælalög nr. 93/1995.  
Lögð lögð fram áætlun Matvælastofnunar um innleiðingu á lögnum vegna söfnunar upplýsinga úr eftirliti og birtingu.  
*Framkvæmdastjóri kynnti málið.*
- c. Kynnt frumvarp, hollustuhættir og mengunarvarnir, meðhöndlun úrgangs.  
*Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 24. október 2018.*
- d. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 231/2018, „Frumvarp, hollustuhættir og mengunarvarnir, plastpokar (EES-innleiðing)“. Umsagnarfrestur er til og með 28.11.2018.  
*Framkvæmastjóri kynnti málið.*

### 5. Héraðsdómsmál nr. Y-3/2018 Fylkir ehf. gegn Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis

Framkvæmdastjóri upplýsti um ofangreint mál.

### 6. Önnur mál.

- a. Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 125. fundi haldinn 10. október 2018.
- b. Samstarfsverkefni heilbrigðiseftirlits, Vatnaverkefni HÍ og University of Surrey í Bretlandi um gerð áhættumats fyrir litlar vatnsveitur var kynnt.

Fundi slitið kl. 18:20